

Garðabæ, nóvember 2020

Til íþróttafélaga í Garðabæ

«UMFÁ» «Björgvin_Júníusson»

Framúrskarandi árangur og landsliðspátttaka 2020

Ágæti viðtakandi

ÍTG (íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar) leitar til þíns félags/sambands til að fá sem gleggstar upplýsingar um árangur íþróttafólks í **félögum í Garðabæ**.

1. **Landsliðspátttaka:** Óskað er eftir upplýsingum um hverjir hafi keppt í **fyrsta** skipti með A-landsliði eða U-landsliðum. Viðurkenning er veitt það ár sem einstaklingur nær fyrst að keppa með landsliði.
2. **Verðlauna á erlendum vettvangi** s.s. HM, EM, NM eða sambærilegum mótum hvort heldur er sem einstaklingar, par eða í liðakeppni.
3. **Framúrskarandi árangur:** Flokkar eða einstaklingar sem unnið hafa til Íslands-, bikar- eða deildarmeistararitla, eða ígildi þeirra og tilgreina nafn og kennitölu þeirra.
4. **Íslands, norðurlanda, Evrópu- eða heimsmet** sett á árinu sé um það að ræða.
5. Annar framúrskarandi árangur sem þið teljið vert að vekja athygli á.

Boðun íþróttamanna til íþróttahátíðar Garðabæjar 10. janúar 2020 kl. 13:00 í Mýrinni

Vegna óvissu um samkomutakmarkanir er verið að skipuleggja hátíðina með öðru sniði en venjulega. Upplýsingar um það verða sendar út þegar nær dregur.

Send verða út boðsbréf frá bæjarskrifstofu Garðabæjar til allra þeirra sem hljóta viðurkenningar. Til að svo megi verða þurfa allar upplýsingar að berast tímanlega og vera réttar.

Vinsamlegast látið koma fram upplýsingar sem eiga við og sendið til baka (eyðublað fylgir).

Ábendingar þurfa að hafa borist til Kára Jónssonar íþróttafulltrúa Garðabæjar með tölvupósti karijo@gardabaer.is í síðasta lagi **1. desember** nk.

Með þökk fyrir gott samstarf á árinu.

Virðingarfyllt,
Kári Jónsson, íþróttafulltrúi Garðabæjar
820 8548